







**Alexis Deacon** (1978) er breskur teiknari og rithöfundur sem hefur myndskreytt og skrifað margar vinsælar barnabækur og unnið til ýmissa verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín. Hann er nú gestakennari við Teiknideild Myndlistaskólans í fimmta sinn.

Nýjasta verk Alexis er teiknimyndabókin er *Geis II*. Fyrsta bókin, *Geis*, kom út 2017 og hlaut mikið lof gagnrýnenda víða um heim. Hann skrifaði og teiknaði söguna og í ár er von á þriðja bindi af þremur í þessum bókaflakki. Áður hefur Alexis m.a. verið tilefndur

til hinna virtu Kate Greenaway teikniverðlauna fyrir teikningar sínar í bókinni *Jim's Lion*. Bókin hans, *Beegu*, var valin besta myndskreyta barnabók ársins af New York Times Book Review. Í dag skrifar Alexis og teiknar myndasögur í enn meira mæli en hann hefur áður gert.

Hann starfar einnig sem kennari við Cambridge School of Art á MA braut í barnabókamyndskreytingum og hjá Animation Workshop í Danmörku.

Hægt er að fylgjast með honum á instagram: Alexis Deacon og á vefsíðu sinni: <http://alexisdeacon.blogspot.co.uk/>



**Alexis verður með örnámskeið í mómóðelsal Myndlistaskólans í Reykjavík, Hringbraut 121, laugardaginn 27. apríl 2019, kl.10-15 Allar frekari upplýsingar á [mir.is](http://mir.is)**

